

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-61/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið sem upphaflega var keypt af Y. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi framkvæmi úrbætur á gallanum.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 15. ágúst sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 19. ágúst. Með bréfi, dags. 22. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 3. september. Með bréfi, dags. 12. september, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 26. september. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 29. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgja kemur fram að hinn 24. janúar 2005 keypti Z bifreiðina xx-000 nýja af seljanda fyrir kr. 2.894.560. Var bifreiðin af gerðinni VW Transporter. Ekki kemur fram hvort álitsbeiðandi eða félag á hans vegum, þá annað en það sem keypti bifreiðina upphaflega, á bifreiðina. Hins vegar kemur fram að meðan bifreiðin var í umráðum álitsbeiðanda á árinu 2008 lét seljandi framkvæma viðgerð á lakki bifreiðarinnar á sinn kostnað. Álitsbeiðandi telur umrædda viðgerð ekki hafa verið fullnægjandi og krefst þess að seljandi bæti úr því.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að umrædd bifreið hafi verið skrásett 21. janúar 2005. Árið 2008 hafi eigandi kvartað undan ryðmyndun og var í kjölfarið gert við ryð á báðum hliðum og afturhurðum bifreiðarinnar. Sú viðgerð var framkvæmd af viðurkenndu verkstæði og lauk henni hinn 20. nóvember 2008 og var greitt fyrir hana af öllu leyti af seljanda. Er því næst rakið að álitsbeiðandi hafa kvartað undan því hinn 1. júlí sl. að umrædd viðgerð hafi ekki verið fullnægjandi. Segist seljandi hafa hafnað kröfum álitsbeiðanda, bæði vegna þess að kvörtun hans var of seint fram komin, en eins vegna aldurs bifreiðarinnar. Þá bendir seljandi á að af myndum sem fylgdu álitsbeiðni að dæma þá séu flestar skemmdir á lakki bifreiðarinnar líklega búnar að gerjast lengi og sumar virðast vera vegna ákomu. Hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að hvorki seljandi, né verkstæði það er framkvæmd viðgerð á bifreið álitsbeiðanda árið 2008 vilji taka ábyrgð á lakki bifreiðarinnar nú. Þá telur álitsbeiðandi að ekki sé rétt að hann hafi ekki

kvartað undan lakki bifreiðarinnar fyrr en 1. júlí sl., án þess að tilgreina þó hvenær hann kvartaði. Þá tekur álitsbeiðandi fram að hann hafi ekki farið fram á fullar úrbætur seljanda, heldur einungis að hann tæki þátt í kostnaði við að laga lakk bifreiðarinnar.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Mál þetta snýst um bifreið sem upphaflega var keypt ný af seljanda 24. janúar 2005. Kaupandi bifreiðarinnar Z en það félag var úrskurðað gjaldþrota 9. september 2010. Gert var við lakk bifreiðarinnar í árslok 2008 og var sú viðgerð framkvæmd á kostnað seljanda. Sem fyrr greinir er ekki ljóst hvort álitsbeiðandi er nú eigandi bifreiðarinnar, eða kvartar f.h. félags sem á bifreiðina. Hvort heldur sem er þá er ljóst að álitsbeiðandi getur ekki átt meiri rétt gagnvart seljanda, en sá aðili sem upphaflega keypti bifreiðina, þ.e. Z, gæti átt skv. lögum um lausafjárkaup, sbr. 84. gr. laganna.

Í 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup er fjallað um frest kaupanda til að bera fyrir sig galla við seljanda. Í 2. mgr. segir að ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig, nema ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Ljóst er að umrædd bifreið var afhent hinn 24. janúar 2005. Frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla vegna bifreiðarinnar við seljanda í máli þessu hefði því samkvæmt öllu runnið út 24. janúar 2007. Seljandi ákvað engu að síður að láta framkvæma viðgerð á lakki bifreiðarinnar í lok árs 2008, þá annaðhvort umfram skyldu, eða á grundvelli ábyrgðar. Væri gengið svo langt að miða við að nýr kvörtunarfrestur hefði hafist að lokinni viðgerð haustið 2008 hefði sá frestur liðið undir lok síðla árs 2010. Álitsbeiðandi mun hins vegar fyrst hafa kvartað við seljanda undan galla á árinu 2013. Þá voru liðin rúmlega fjögur ár frá því að seljandi lét framkvæma viðgerð á lakki bifreiðarinnar og um átta ár frá því bifreiðin var fyrst keypt. Samkvæmt þessu verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda, enda eru frestir hans til að bera fyrir sig galla á bifreiðinni löngu liðnir.

VII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir